

Umsögn um 106. lagafrumvarp á 146. löggjafarþingi.

Höfundur umsagnar þessarar er sagnfræðingur og áhugamaður um sögu bjórs – bæði alþjóðlega sem á Íslandi sérstaklega og hefur á liðnum árum flutt ótal fyrirlestra og skrifað greinar um sögu og þróun íslenska bjórmarkaðarins. Árið 2015 var hann annar tveggja aðalhöfunda bókarinnar Bjór, sem var fyrsta frumsamda bókin um bjór á íslensku, en fyrsta og önnur prentun verksins seldust upp á fáeinum vikum.

Umsögn þessi er rituð af áhyggjum af því að gagnrýnisraddir á frumvarpið berist einvörðungu frá fólki sem nálgast málið útfrá lýðheilsusjónarmiðum. Hér er engin tilraun gerð til að leggja mat á þá þætti, heldur einblínt á það sem snýr að áhugafólki um aðgengi að góðum bjór. Óhætt er að segja að margir í hópi bjóráhugafólks séu uggandi vegna frumvarpsins.

Á níunda áratug síðustu aldar hófst í Bandaríkjunum bylgja smábrugghúsa sem gjörbylt hefur bjórmarkaði vesturlanda. Hreyfing þessi barst til Íslands árið 2006 með stofnun brugghússins Kalda á Árskógssandi og hefur á síðustu tíu árum þróast með undraverðum hætti. Bjórmarkaðurinn á Íslandi er í dag gríðarlega öflugur þrátt fyrir smæð sína og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinanna. Í dag njóta íslenskir bjórar virðingar og viðurkenningar, sem er fjarri því sjálfgefið.

Sölukerfi ÁTVR á stóran þátt í mótun bjórmarkaðarins. Það er reyndar raunin í öllum samfélögum. Áfengi er varningur sem hvarvetna er litið svo á að sérstakar reglur hljóti að gilda um sölu á, þar af leiðir að lög og reglugerðir um áfengissölu setja mark sitt á áfengismenningu einstakra samfélaga. Augljóst dæmi um þetta er millisterkt öl (upp að 3,5%) sem selt er í kjörbúðum í Svíþjóð. Afleiðing þess er sú að allir helstu bjórframleiðendur hafa á boðstólum 3,5% afbrigði af framleiðsluvöru sinni, sem er einungis til í sænskum verslunum.

Lengi vel eftir afnám bjórbannsins árið 1989 má segja að sölureglur ÁTVR hafi haft hamlandi áhrif á nýsköpun í bjórframleiðslu. Afar erfitt var fyrir nýjar vörur að komast í hillur ÁTVR og nánast öllum nýjum tegundum var jafnharðan hent út úr almennri sölu. Þetta stuðlaði mjög að einsleitni íslenska bjórmarkaðarins, sem byggðist upp af fáeinum keimlíkum ljósum, léttum, lagertegundum sem allar höfðu sama svipmót. Í seinni tíð hafa gjörólík sjónarmið verið uppi á vettvangi ÁTVR, þar sem ýtt hefur verið undir fjölbreytni í bjórtegundum og –stílum.

Sölureglur ÁTVR eru sannarlega þungar í vöfum, en kosturinn við þær er hversu gegnsæjar þær eru. Reglurnar tiltaka nákvæmlega hvaða áfengistegundir skuli vera á boðstólum í einstökum verslunum – allt niður í að lífrænir bjórar skuli vera fáanlegir í öllum verslunum niður í að glútínlausir bjórar skuli vera á boðstólum á tilteknum útsölustöðum.

Reglur ÁTVR eru öllum ljósar og hver sá framleiðandi eða innflytjandi sem skráður er á birgjavef verslunarinnar hefur glögga mynd af því sem allir samkeppnisaðilar eru að gera. ÁTVR er sömuleiðis óhefðbundinn smásöluaðili á markaði í þeim skilningi að þar eru engir sérafslættir í boði. Allir heildsöluaðilar

njóta nákvæmlega sömu kjara á varningi sínum – sem er gjörólíkt því markaðsumhverfi sem gildir í almennri smásöluverslun á Íslandi.

Þegar kemur að íslenska bjórmarkaðnum er rétt að halda til haga að helsta einkenni hans er lítil framleiðsla og stórfelld skattlagning. Að því gefnu að að seinni hlutanum, áfengisskattlagningu ríkisins verði ekki breytt stórlega, er um afar viðkvæman markað að ræða. Í dag komast framleiðendur hjá því að hafa sérstakar markaðs- og söludeildir, enda er allur varningur afhentur ÁTVR á einum stað á tilteknum degi. Ef smáframleiðendur bjórs þyrftu að skila varningi sínum af sér í hillur verslana á þann hátt sem tíðkast í smásöluverslun, er hætt við að fótunum verði kippt undan greininni – nema þá að markaðurinn tæki á sig umtalsverða verðhækkun.

Allur þorri smáframleiðenda bjórs á Íslandi hefur sett verulega fyrirvara við umrætt frumvarp. Það sama gildir um þá áhugamenn um bjór sem láta sig málaflökkinn varða. Í þeim hópi er ríkjandi það viðhorf að óskynsamlegt sé að rugga bátnum að ástæðulausu. Núverandi sölukerfi bjórs á Íslandi hefur tryggt og stuðlað að árangri sem vakið hefur aðdáun nágrannalandanna. Afar veigamikil rök þarf til að hrófla við því kerfi.

Stefán Pálsson,
Bjóráhugamaður og sagnfræðingur.